

1152. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. október 2016, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson (á fjarfundi), Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Elías G. Magnússon sviðsstjóri

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 1151. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.**
Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1151. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

- 2. Kynning á kjaramálasviði VR**

Ólafía Björk bauð velkominn gest fundarins, Elías G. Magnússon sviðsstjóra kjaramálasviðs VR, sem ætlar að kynna verkefni sviðsins.

Elías tók til máls og fór yfir helstu atriði á slæðum. Í máli hans kom m.a. fram að verkefni kjaramálasviðs sé að veita alhliða ráðgjöf um réttindi og skyldur á vinnumarkaði eins og þau koma fram í kjarasamningi VR við SA/FA og í sérkjarasamningum við einstaka fyrirtæki.

Þá kynnti Elías þá 10 starfsmenn sem koma að vinnu sviðsins og sagði frá ferli mála sem koma til úrvinnslu á sviðinu, vikulegum vinnufundum ofl. Verkefni sviðsins eru mjög fjölbreytt og taldi hann upp sem dæmi: launamál, ráðningarsamninga, starfslok, samskiptavanda á vinnustöðum, uppsagnir, gerð kjarasamninga og eftirfylgni þeirra. Málafjöldi hefur verið nokkuð að aukast síðustu árin en nú stefnir í að rúmlega 1600 mál verði afgreidd á sviðinu árið 2016. Í dag eru 160 mál í vinnslu þar af 88 á kjarasviði og 79 hjá lögmanni félagsins.

Umræður og fyrirspurnir.

Að loknum umræðum var Elíasi þakkað fyrir hans kynningu með lófataki og vék hann þá af fundi.

Ragnar Þór kom hér til fundar kl. 18:20

3. Kjaramál

Ólafía Björk sagðist hafa verið á Egilsstöðum í gær þar sem hún fundaði með stjórn deildarinnar og hitti félagsmenn.

Eins og kom fram í gær og var rakið í tölvupósti til stjórnarmanna, fundaði Salek-hópurinn og er verkefninu slitið í bili. Það er grundvallaratriði að það sé jafn lífeyrisréttur milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins.

Ólafía Björk, Gylfi Arnbjörnsson og Sigurður Bessason áttu fund í dag með forsætisráðherra þar sem farið var yfir stöðu lagafrumvarpsins um almannatryggingar. Þau hafa ákveðið að draga tilbaka ákvæðið um að stytta aðlögunartímabil hækkunar ellilífeyrisaldurs úr 67 ár í 70 ár og Eycló ráðherra setti aftur inn 24 ár í morgun. En auðvitað verður líka að samræma þennan tíma við opinbera geirann því það mun aldrei ganga að opinberir starfsmenn hætti 65 ára en við 70 ára. Mikið veltur því á næstu ríkisstjórn – ef það gengur ekki opnast okkar samningar næsta vor og ný ríkisstjórn vill varla hefja störf sín með allt uppí loft á vinnumarkaði. En það er alveg ljóst að við förum í hart ef ríkisstjórnin dregur ekki tilbaka lífeyrisákvæðið í almannatryggingafrumvarpinu eins og þetta stendur núna.

Þá ræddi hún næst uppástungu sem hún kom með að kvennafrídagurinn yrði endurtekinn 24. október í ljósi þess að konur eru enn að vinna launalaust í rúman mánuð á ári. Stofnaður var verkefnahópur og er stefnt á að hafa stóran fund á Austurvelli og að allir leggi niður vinnu kl. 14.30. Við verðum með sérútbúin kröfuspjöld handa okkar fólki.

Umræður.

Dóra vék hér af fundi kl. 19:20

4. Orlofsstjórn – tillaga

Sigurður, formaður stjórnar orlofssjóðs VR, tók til máls og lagði jafnframt fram skjalið „*Tillaga orlofsstjórnar VR til stjórnar VR*“ dags. 30. september 2016. Sagði hann að þessi tillaga hafi verið samþykkt á vinnufundi stjórnar orlofssjóðs VR þann 28. september sl. þar sem hefði verið rætt um framtíðarskipan og þróun þessa málaflökks hjá félaginu. Fundurinn hafi verið mjög gagnlegur og fundarmenn samstíga. Las hann þá upp tillöguna sem er eftirfarandi:

“Stjórn orlofssjóðs VR leggur til að veittar verði kr.500.000.000.- til að byggja og/eða kaupa orlofshús og verði orlofshúsum í eigu VR fjölgað um 10 – 20 á næstu 5 árum.”

Vinnufundur stjórnar orlofssjóðs VR, leggur til við stjórn VR að ráðist verði í að fjölga orlofshúsum VR umtalsvert. Til þess að svo megi verða fer stjórn orlofssjóðs fram á að veitt verði kr. 500.000.000.- úr félagssjóði til verkefnisins.”

Kom fram að orlofsstjórn sé sammála því að nú sé komið að tímamótum. Staðan er sú að árið 1993 átti félagið alls 40 orlofshús fyrir 13.400 félagsmenn en í dag, 23 árum síðar, á félagið aðeins 46 hús fyrir 32.000 félagsmenn. Það er því ljóst að nær ekkert hefur verið gert til þess að fjölga orlofshúsum í eigu VR í takt við mikla fjölgun félagsmanna. Orlofsstjórn hefur reynt að mæta þessari skekkju með fjölgun leiguhúsa en staðreyndin er sú að nú eru 451 félagsmaður fyrir hvert hús sem boðið er uppá (26 leiguhús meðtalin) á meðan að sú tala er t.d. 109 félagsmenn hjá RSÍ, 191 félagsmaður hjá KÍ og 355 félagsmaður hjá Eflingu. Jafnvel þótt við fjölgum eigu húsum VR um 20 þyrfti samt að vera með mikinn fjölda leiguhúsa áfram bara til þess að við gætum nálgast hlutfallstölur annarra félaga.

Engin ákvörðun var tekin á vinnufundi orlofsstjórnar um útfærslu en margar hugmyndir reifaðar og verður m.a. stuðst við hugmyndir sem fást í spurningakönnun meðal félagsmanna. Ef stjórn samþykkir þessa tillögu orlofsstjórnar um fjármagn verður farið í það að vinna útfærslu fjölgunar orlofshúsa hvort sem er bæði innanlands sem utan og verður tillaga um slíkt þá kynnt í stjórn síðar.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp ofangreinda tillögu stjórnar orlofsstjórnar til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Ólafía Björk bað nú um samþykki fundarmanna fyrir því að fundur yrði framlengdur til kl. 20:45.

Samþykkt.

5. Fjárfestingastefna VR

Stefán fór yfir fjárfestingastefnuna og stillti upp á slæðu. Stefnan hefur verið óbreytt í um 4 ár og telst varfærin og íhaldssöm stefna. Þá fór hann yfir eignasafnið og sýndi þróun ávöxtunar safnsins á línuriti og síðan skiptingu verðbréfa en þar eru skuldabréf 68,7%, hlutabréf 20,7% og innlán 10,6%.

Þá ræddi Stefán sértryggð skuldabréf sem er safn skuldabréfa með veði í íbúðahúsnæði og með ábyrgð banka. Þetta er tryggara form heldur en að liggja með fjármuni á innlánsreikningum. Fór hann þá yfir þróun á sértryggðum skuldabréfum og kom fram að þau falla undir tvo flokka í okkar fjárfestingastefnu og því væri gott að bæta því við í orðum við annan flokkinn svo það sé alveg skýrt í okkar stefnu.

Umræður.

Ólafía Björk bar upp þá tillögu að loknum umræðum að þessu máli verði

frestað til næsta fundar.

Samþykkt.

- 6. Umsókn um styrk vegna útgáfu á ævisögu Guðmundar H. Garðarssonar**
Ólafía Björk lagði fram umsókn um styrk dags. 6. október 2016, frá Birni Jóni Bragasyni sagnfræðingi, sem hyggst gefa út ævisögu Guðmundar H. Garðarssonar fyrrverandi formanns VR. Samkvæmt umsókninni er útgáfufélagið Heimir tilbúið að gefa bókina út en áætlaður kostnaður við útgáfu er 1,5 milljónir kr. en kostnaður við ritstörf er áætlaður um 3 milljónir króna og heildarkostnaður við útgáfuna því 4,5 milljónir króna og miðað er við að bókinni komi út fyrir jólin 2017.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk fram eftirfarandi tillögu sína:

„12. október 2016

Stjórn VR samþykkir að skuldbinda sig til þess að kaup 70 eintök bókarinnar um ævisögu Guðmundar H. Garðarssonar, þegar hún er komin út.

Ólafía B. Rafnsdóttir (sign)“

Samþykkt samhljóða.

Ólafía Björk óskaði nú eftir samþykki fundarmanna fyrir því að framlengja enn fundinum og þá til kl. 21:00.

Samþykkt.

Fundi var slitið kl. 21:00
Árni Leósson, fundarritari